

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Búðakauptúns, nr. 84 20. maí 1955.

1. gr.

9. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Búðahreppi, sem svo er ástatt um, sem getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt að upphæð 2% af fasteignamatsverði hússins og kr. 100.00 — eitt hundrað — að auki, fast gjald af hverju húsi.

Þó skal lágmarksgjald af hverju húsi vera kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — og hámarksgjald vera kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — af hverju íbúðarhúsi.

Séu tvær íbúðir, eða fleiri, í sama húsi, greiðist kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — fyrir hverja íbúð umfram eina.

2. gr.

10. grein orðist svo:

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn til fiskiskipa kr. 25.00 af smálest, þó aldrei lægra en kr. 250.00 í senn og kr. 400.00 lágmarksgjald fyrir önnur skip.
- b. Af hverri smálest af mjöli í verksmiðju kr. 20.00
- c. Af hverri smálest af innvegnum fiski í iðjuver — 4.00
- d. Af hverri frystri sildartunnu — 2.00
- e. Af hverri saltaðri sildartunnu — 2.00
- f. Af hverri smálest af frystum ís — 5.00
- g. Af hverri smálest af þvegunum saltfiski — 2.00
- h. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi, kind — 1.00
- i. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi, stórgrip — 20.00
- j. Fyrir hverja vörubifreið í Búðahreppi — 400.00
- k. Fyrir hverja fólksbifreið í Búðahreppi — 200.00
- l. Af kælivatni til véla o. fl. gegnum vatnsmæli — 5.00
af fyrstu 1000 smálestum, en sé notkun meiri — 2.00
af því, sem fram yfir er.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, greiðist hverju sinni eftir samkomulagi.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.